



# Reglur Landsbankans um viðskipti innherja og meðferð innherjaupplýsinga

---

Regla nr. 201001-0991-4 | Samþykkt í febrúar 2016 | Endurskoðun 2017 | Bankastjóri

## 1. INNGANGUR

Reglur þessar eru settar á grundvelli leiðbeinandi tilmæla Fjármálaeftirlitsins um framkvæmd reglna nr. 1050/2012, um meðferð innherjaupplýsinga og viðskipti innherja, laga nr. 108/2007, um verðbréfavíðskipti (vv.) og reglugerðar nr. 630/2005, um innherjaupplýsingar og markaðssvik.

Reglurnar gilda um innherja á hverjum tíma, eins og þeir eru skilgreindir samkvæmt reglum þessum, lögum um verðbréfavíðskipti og aðila sem eru fjárhagslega tengdir innherjum.

Reglurnar gilda um alla fjármálagerninga sem útgefnir eru af Landsbankanum hf. (hér eftir nefndur „Landsbankinn“ eða „bankinn“) og teknir hafa verið til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði á hverjum tíma.

## 2. TILGANGUR

Tilgangur reglna þessara er að hindra að innherjaupplýsingar berist til annarra en þeirra sem þarfnast þeirra vegna starfa sinna. Reglum þessum er ætlað að stuðla að því að viðskipti fruminnherja og aðila þeim fjárhagslega tengdum, séu í samræmi við lög um verðbréfavíðskipti og að slík viðskipti séu trúverðug. Jafnframt er tilgangur regnanna að stuðla að því að bankinn uppfylli kröfur um viðvarandi upplýsingaskyldu gagnvart Fjármálaeftirlitinu og skipulegum verðbréfamörkuðum.

Við opinbera birtingu innherjaupplýsinga skal miðað að því að tryggja jafnræði fjárfesta þannig að þeir hafi jafnan aðgang að nýjustu upplýsingum sem nauðsynlegar eru til að geta myndað sér upplýsta skoðun á þeim fjármálagerningum sem í boði eru á hverjum tíma.

## 3. SKILGREININGAR

Með innherja er átt við:

» **Fruminnherja:**

Aðila sem hefur að jafnaði aðgang að innherjaupplýsingum vegna aðildar að stjórn, rekstri, eftirliti eða vegna annarra starfa á vegum bankans.

» **Tímabundinn innherja:**

Aðila sem telst ekki fruminnherji en býr yfir innherjaupplýsingum vegna eignaraðildar, starfs síns, stöðu eða skyldna.

» **Annan innherja:**

Aðila sem hvorki telst fruminnherji né tímabundinn innherji en hefur fengið í hendur innherjaupplýsingar, enda hafi viðkomandi vitað eða mátt vita hvers eðlis upplýsingarnar voru.

Þegar hugtakið innherji er notað í reglum þessum án afmörkunar er átt við fruminnherja, tímabundna innherja og aðra innherja eftir því sem við getur átt.

Eftirtaldir aðilar skulu teljast **fjárhagslega tengdir innherjum** í skilningi reglna þessara:

- » Maki, maki í staðfestri samvist og sambúðarmaki.
- » Ófjárráða börn, kjörbörn og stjúpbörn á heimili innherja.
- » Önnur skyldmenni sem búa á heimili með innherja og hafa búið á heimili með innherja í a.m.k. eitt ár þegar viðskipti eiga sér stað.
- » Löggaðili:
  - » sem lýtur framkvæmdastjórn innherja eða aðila sem talinn er upp í lið i, ii og iii hér að framan,

- » sem er stjórnað með beinum eða óbeinum hætti af innherja eða aðila sem er talinn upp í lið i, ii og iii hér að framan,
- » annar en í lið a eða b ef fjárhagslegir hagsmunir hans eru samtvinnuðir hagsmunum innherja eða aðila sem talinn er upp í lið i, ii og iii hér að framan.

Með **innherjaupplýsingum** er átt við nægjanlega tilgreindar upplýsingar sem ekki hafa verið gerðar opinberar og varða beint eða óbeint útgefendur fjármálagerninga, fjármálagerningana sjálfa eða önnur atriði og eru líklegar til að hafa marktæk áhrif á markaðsverð fjármálagerninganna ef opinberar væru.

Litið skal svo á að upplýsingar séu **nægjanlega tilgreindar** ef þær gefa til kynna aðstæður sem eru fyrir hendi eða sem ætla má að verði fyrir hendi eða atburð sem hefur átt sér stað eða sem ætla má að muni eiga sér stað. Upplýsingarnar verða þó að vera nægilega nákvæmar til að unnt sé að draga ályktun um möguleg áhrif þeirra aðstæðna eða atburðar á verð fjármálagerninga eða afleiðdra fjármálagerninga sem þeim tengjast.

Með innherjaupplýsingum er einnig átt við nægjanlega tilgreindar upplýsingar sem þeir, sem starfa við framkvæmd viðskipta, öðlast í tengslum við fyrirmæli viðskiptavina sem hafa ekki verið framkvæmd og varða beint eða óbeint útgefendur fjármálagerninga, fjármálagerningana sjálfa eða önnur atriði og eru líklegar til að hafa marktæk áhrif á markaðsverð fjármálagerninganna, eða tengdra afleiðdra fjármálagerninga, ef opinberar væru.

Innherjaupplýsingar sem væru líklegar til að hafa **marktæk áhrif á verð fjármálagerninga** eða afleiðdra fjármálagerninga sem þeim tengjast, yrðu þær gerðar opinberar, eru þær upplýsingar sem líkur eru á að upplýstur fjárfestir noti sem hluta af þeim grunni sem hann byggir fjárfestingarákvarðanir sínar á.

Með **fjármálagerningum** er átt við verðbréf, afleiður, hlutdeildarskírteini, peningamarkaðsskjöl og framseljanleg veðréttindi í fasteignum og lausafé.

Með **verðbréfum** er átt við hvers konar framseljanleg kröfuréttindi til peningagreiðslu eða ígildis hennar, svo og framseljanleg skilríki fyrir eignarréttindum að öðru en fasteign eða einstökum lausafjármunum, s.s. hlutabréf, skuldabréf, víxla, áskriftarréttindi, skiptanleg verðbréf og breytanleg verðbréf.

Með **afleiðum** er átt við samninga þar sem uppgjörsákvæði byggist á breytingu einhvers þáttar á tilteknu tímabili, svo sem vaxta, gengis gjaldmiðla, verðbréfavorðs, verðbréfavísitölu eða hrávöruverðs.

Með hugtaki **regluvörður** í reglum þessum er átt við regluvörð og staðgengil regluvarðar jöfnum höndum eftir því sem við á.

Hugtakið **markaður** er notað í reglum þessum um skipulegan verðbréfamarkað og markaðstorg samkvæmt lögum nr. 110/2007, um starfsemi kauphalla.

Með **stjórnendum** er í reglum þessum átt við bankaráð og varamenn, bankastjóri, framkvæmdastjórar, innri endurskoðandi, regluvörður og yfirlögfræðingur bankans. Hið sama á við um aðila fjárhagslega tengda framangreindum stjórnendum.

#### 4. INNHERJALISTAR

Regluvörður skal senda Fjármálaeftirlitinu innherjalista er hafa að geyma upplýsingar um fruminnherja, tímabundna innherja og aðila er tengjast þeim fjárhagslega. Allar breytingar á listunum ber að senda Fjármálaeftirlitinu þegar í stað. Verði engar breytingar á listum ber engu að síður að senda Fjármálaeftirlitinu endurskoðaða innherjalista á sex mánaða fresti. Innherjum ber skylda til að tilkynna bankanum um allar breytingar er verða á fjárhagslega tengdum aðilum og skal regluvörður a.m.k. á sex mánaða fresti minna innherja á að yfirfara hvort breyting hafi orðið á fjárhagslega tengdum aðilum.

#### 4.1. LISTI YFIR FRUMINNHERJA

Bankaráð og varamenn, bankastjóri, framkvæmdastjórar, regluvörður, innri endurskoðandi, ytri endurskoðendur og nefndarmenn í áhættu- og fjármálanefnd sem og lánanefnd teljast til fruminnherja. Þá skulu þeir hluthafar sem hafa rétt til að skipa mann í bankaráð vera á lista yfir fruminnherja. Ennfremur skulu þeir starfsmenn vera á lista yfir fruminnherja sem hafa að jafnaði aðgang að innherjaupplýsingum hjá bankanum samkvæmt mati regluvarðar.

#### 4.2. LISTI YFIR TÍMABUNDNA INNHERJA

Regluvörður skal senda Fjármálaeftirlitinu lista yfir tímabundna innherja þegar innherjaupplýsingar eru fyrir hendi og aðilar, sem ekki eru á fruminnherjalista, hafa fengið aðgang að upplýsingunum. Ef innherjaupplýsingar eru fyrir hendi um fleiri en einn atburð eða kringumstæður er varða bankann ber að senda einn lista yfir tímabundna innherja fyrir hvern atburð og/eða kringumstæður.

Þegar innherjaupplýsingar liggja ekki lengur fyrir skal Fjármálaeftirlitinu sendur listi yfir brottfall tímabundinna innherja.

### 5. TILKYNNINGAR TIL INNHERJA UM RÉTTARSTÖÐU

Regluvörður skal senda þeim, er hann setur á lista yfir fruminnherja og tímabundna innherja, tilkynningu um réttarstöðu þeirra sem innherja. Tilkynningin skal send skriflega eða með rafrænum hætti. Í tilkynningu um réttarstöðu innherja ber að greina innherja frá þeim réttarreglum sem gilda um innherja, meðferð innherjaupplýsinga og viðskipti innherja. Jafnframt skal regluvörður tilkynna innherja skriflega eða með rafrænum hætti þegar hann hefur verið tekinn af lista yfir fruminnherja eða tímabundna innherja.

Tilkynningu um réttarstöðu innherja skal fylgja eintak af reglum þessum eða upplýsingar um hvar þær er að finna. Kynna skal gildandi lagareglur um innherjasvik. Þá skal kynna fruminnherjum þær reglur sem þeir og aðilar þeim tengdir þurfa að gæta að er þeir eiga viðskipti með fjármálagerninga útgefna af Landsbankanum. Tímabundnum innherjum skal bent á að þeim er með öllu óheimilt að eiga viðskipti á meðan þeir búa yfir innherjaupplýsingum.

Með tilkynningu um réttarstöðu innherja skal regluvörður senda innherja eyðublað um fjárhagslega tengda aðila til útfyllingar. Einnig skal senda innherja til undirskriftar yfirlýsingu um að hann hafi kynnt sér tilkynningu um réttarstöðu innherja og þær reglur sem um viðskipti þeirra gilda. Hvort tveggja ber innherja að senda bankanum án tafar. Bankinn skal geyma undirritaða yfirlýsingu á meðan innherjalisti er virkur og í sjö ár eftir að innherjalisti hefur verið afturkallaður.

Þegar ekki liggja lengur fyrir innherjaupplýsingar skal Fjármálaeftirlitinu tilkynnt um það og listi yfir tímabundna innherja afturkallaður.

### 6. MAT Á UPPLÝSINGUM OG OPINBER BIRTING INNHERJAUPPLÝSINGA

Bankaráði, bankastjóra og starfsmönnum ber að gera regluverði tímanlega grein fyrir upplýsingum sem hugsanlega geta talist til innherjaupplýsinga.

Regluvörður skal veita álit á því hvort upplýsingar séu þess eðlis að þær teljist til innherjaupplýsinga. Greini bankastjóra og regluvörður á um mat á upplýsingum skal regluvörður skrá það í samskiptaskrá og greina frá því í skýrslu til bankaráðs. Ef bankaráð fellst ekki á afstöðu regluvarðar og regluvörður metur það sem svo að um alvarlegt brot gegn lögum og reglum geti verið að ræða skal hann gera Fjármálaeftirlitinu viðvart.

Innan bankans skal vera til staðar skilgreint verklag varðandi meðferð upplýsinga. Landsbankinn skal birta almenningi á Evrópska efnahagssvæðinu allar þær innherjaupplýsingar sem varða hann eins fljótt og auðið er

og á jafnræðisgrundvelli. Samhliða framangreindri birtingu skal Landsbankinn senda upplýsingarnar til Fjármálaeftirlitsins.

Þegar innherjaupplýsingunum hefur verið miðlað með opinberum hætti, skal bankinn birta innherjaupplýsingarnar á vef bankans, [www.landsbankinn.is](http://www.landsbankinn.is).

Landsbankinn skal gera skýran greinarmun á markaðssetningu á starfsemi sinni og opinberri birtingu innherjaupplýsinga til að koma í veg fyrir misvísandi upplýsingagjöf.

## 7. LÖGMÆT FRESTUN BIRTINGAR INNHERJAUPLÝSINGA

Heimilt er að fresta birtingu upplýsinga samkvæmt 6. gr. reglna þessara þegar lögmætir hagsmunir Landsbankans standa til þess, t.a.m. yfirstandandi samningaviðræður eða sambærilegar aðstæður þar sem birting upplýsinga gæti haft áhrif á niðurstöðu eða eðlilegan gang viðræðna. Þetta á sérstaklega við ef fjárhagsafkoma Landsbankans er í alvarlegri og yfirvofandi hættu, án þess þó að það falli undir gildandi lög um gjaldprot. Við slíkar aðstæður er heimilt að fresta birtingu upplýsinga í takmarkaðan tíma. Þessi heimild á við ef birtingin er talin kunna að tefla hagsmunum hluthafa og hugsanlegra hluthafa í tvísýnu með því að draga úr líkum þess að unnt sé að leiða til lykta tilteknar samningaviðræður sem eiga að tryggja fjárhagslega endurskipulagningu bankans.

Þá er og heimilt að fresta upplýsingagjöf ef um er að ræða ákvarðanir sem tilteknir stjórnendur bankans taka eða samninga sem þeir gera og krefjast, skv. skipulagi bankans, samþykki annarra stjórnenda hjá bankanum til að öðlast gildi. Frestunin er háð því skilyrði að birting upplýsinganna áður en slíkt samþykki er veitt, samtímis því að tilkynnt er að samþykkis sé enn beðið, kunni að tefla því í tvísýnu að almenningur geti lagt nákvæmt mat á upplýsingarnar.

Regluvörður skal veita álit á því hvort upplýsingar séu þess eðlis að hægt sé að nýta heimild samkvæmt lögum og reglum til að fresta birtingu innherjaupplýsinga. Greini bankastjóra og regluvörð á um mat á skilyrðum lögmætrar frestunar á birtingu innherjaupplýsinga skal regluvörður skrá slíkt í samskiptaskrá sína og greina frá því í skýrslu til bankaráðs. Fallist bankaráð ekki á afstöðu regluvarðar og hann metur það sem svo að um alvarlegt brot gegn lögum og reglum geti verið að ræða skal hann gera Fjármálaeftirlitinu viðvart.

Ákvörðun um frestun birtingar innherjaupplýsinga skal skráð í samskiptaskrá regluvarðar, sbr. 12. gr. reglna þessara, ásamt rökstuðningi fyrir frestun.

## 8. VARFÆRIN MEÐFERÐ INNHERJAUPLÝSINGA

Þegar heimild til frestunar upplýsingagjafar er nýtt skal tryggja varfærna meðferð upplýsinganna. Takmarka skal aðgang að innherjaupplýsingum við þá aðila sem þurfa á þeim að halda til að geta sinnt starfi sínu fyrir bankann. Gera skal ráðstafanir til að hindra að óviðkomandi aðilar geti kynnt sér efni þeirra eða áttað sig á um hvers konar upplýsingar er að ræða.

Regluvörður skal hafa yfirsýn yfir það hvaða aðilar búa yfir innherjaupplýsingum á hverjum tíma. Aðili sem hefur umsjón með verkefni sem felur í sér innherjaupplýsingar ber ábyrgð á varfærinni meðferð þeirra. Regluverði skal tilkynnt um það hafi innherjaupplýsingum verið miðlað áfram. Regluverði og/eða umsjónaraðila með viðkomandi verkefni ber að upplýsa viðtakanda innherjaupplýsinga um hvers konar upplýsingar ræðir, þann trúnað sem ríkir um upplýsingarnar, þá ábyrgð sem fylgir því að búa yfir innherjaupplýsingum og þau viðurlög sem liggja við misnotkun eða dreifingu slíkra upplýsinga.

Gera skal ráðstafanir til að tryggja tafarlausa birtingu innherjaupplýsinga í tilvikum þar sem bankanum er ekki unnt að tryggja trúnað um upplýsingarnar.

Öllum innherjum er skylt að búa svo um að innherjaupplýsingar, sem þeir hafa undir höndum, berist ekki til óviðkomandi. Með óviðkomandi er átt við alla þá sem ekki þurfa nauðsynlega á upplýsingum að halda starfa eða stöðu sinnar vegna.

Við meðferð gagna sem hafa að geyma innherjaupplýsingar, hvort sem gögnin eru vistuð með skriflegum, rafrænum eða öðrum hætti, skal þess gætt að óviðkomandi geti ekki kynnt sér efni þeirra eða áttað sig á um hvers konar upplýsingar er að ræða. Þeir sem hafa innherjaupplýsingar undir höndum skulu m.a. nota læsta skápa fyrir áþreifanleg gögn, lykilorð á tölvuskjái og gera aðrar ráðstafanir sem draga úr líkum á að innherjaupplýsingar berist óviðkomandi. Fjölföldun gagna, sem innihalda innherjaupplýsingar, skal haldið í lágmarki og afrit skulu geymd með sömu varfærni og frumrit.

Innherjaupplýsingum skal haldið innan eins þröngs hóps og mögulegt er. Hvers konar miðlun innherjaupplýsinga, hvort heldur sem er innan bankans eða út fyrir bankann skal háð samþykki næsta yfirmanns viðkomandi starfsmanns. Þegar því verður við komið skal regluvörður hafa umsjón með miðlun innherjaupplýsinga. Að öðrum kosti skal regluverði gert viðvart samhliða því er innherjaupplýsingum er dreift til þess að unnt sé að uppfæra innherjalista, senda þá til Fjármálaeftirlitsins og senda tímabundnum innherjum tilkynningu um réttarstöðu. Hver sem sendir öðrum innherjaupplýsingar skal ganga úr skugga um að upplýsingarnar berist einungis réttum móttakanda. Aðeins er heimilt að miðla innherjaupplýsingum ef það er nauðsynlegt vegna starfs, stöðu eða skyldna.

Innherja, sem miðlar innherjaupplýsingum vegna starfs síns, stöðu eða skyldna, ber að tilkynna það regluverði og gera honum grein fyrir viðtakanda, sem verður innherji við móttöku upplýsinganna. Jafnframt ber honum að gera viðtakanda grein fyrir að um innherjaupplýsingar sé að ræða og að misnotkun þeirra sé refsiverð samkvæmt lögum. Á sama hátt skal innherji, sem miðlar innherjaupplýsingum, tilkynna regluverði þegar viðtakandi býr ekki lengur yfir innherjaupplýsingum og telst ekki lengur til innherja. Hér er átt við alla þá er meðhöndla innherjaupplýsingar fyrir bankann, svo sem aðra starfsmenn bankans en fruminnherja, ráðgjafa, prófarkalesara, prentara, starfsmenn auglýsingastofa, kynningaradila og aðra sem meðhöndla innherjaupplýsingar fyrir bankann.

Leiki grunur á að innherjaupplýsingar hafi borist út fyrir bankann skal þegar í stað tilkynna bankastjóra og regluverði slíkar grunsemdir.

## 9. INNHERJASVIK

Innherja er óheimilt að:

- » Afla eða ráðstafa fjármálagerningum, með beinum eða óbeinum hætti, fyrir eigin reikning eða annarra, búi hann yfir innherjaupplýsingum eða ef regluvörður hefur synjað um heimild til viðskiptanna.
- » Miðla innherjaupplýsingum til þriðja aðila nema það sé gert í eðlilegu sambandi við starf, stöðu eða skyldur þess sem veitir upplýsingarnar.
- » Ráðleggja þriðja aðila á grundvelli innherjaupplýsinga að afla fjármálagerninga eða ráðstafa þeim eða hvetja að öðru leyti til viðskipta með fjármálagerninganna.

Ákvæði 1. mgr. á einnig við um:

- » Lögaðila og aðila sem taka þátt í ákvörðun um viðskipti með fjármálagerninga fyrir reikning lögaðilans
- » Aðila sem búa yfir innherjaupplýsingum á grundvelli ólögsmæts atferlis.

Bankanum er óheimilt að hafa milligöngu um verðbréfavíðskipti hafi starfsmenn vitneskju eða grun um að víðskipti brjóti í bága við framangreint.

Vakni grunur hjá starfsmanni bankans um að víðskipti skv. 1. og 2. mgr. mgr. hafi farið fram skal hann þegar í stað tilkynna það til regluvarðar eða næsta yfirmanns sem skal þá tilkynna það regluverði. Bankanum er skylt að tilkynna slíkan grun til Fjármálaeftirlitsins þegar í stað en viðkomandi starfsmanni er það einnig heimilt. Upplýsingagjöf bankans eða starfsmanns bankans, sem veitt er í góðri trú samkvæmt þessari málsgrein, telst ekki brot á þagnarskyldu sem viðkomandi er bundinn af samkvæmt lögum eða með öðrum hætti. Slík upplýsingagjöf leggur hvorki refsí- né skaðabótaábyrgð á herðar hlutaðeigandi aðilum. Óheimilt er að upplýsa víðskiptavini eða annan utanaðkomandi aðila um að Fjármálaeftirlitinu hafi verið veittar upplýsingar skv. ákvæði þessu.

#### 10. VIÐSKIPTI INNHERJA

Á fruminnherjum hvílir **rannsóknarskylda**, þ.e. skylda til að ganga úr skugga um að ekki liggi fyrir innherjaupplýsingar áður en þeir eiga víðskipti með fjármálagerninga útgefna af Landsbankanum. Sama gildir um fyrirhuguð víðskipti með fjármálagerninga sem tengdir eru slíkum fjármálagerningum og fyrirhuguð víðskipti aðila sem eru fjárhagslega tengdir fruminnherjum. Á fruminnherjum hvílir jafnframt **tvíþætt tilkynningarskylda** til regluvarðar, annars vegar skal hann tilkynna regluverði skriflega áður en hann eða fjárhagslega tengdur aðili hans á víðskipti með fjármálagerninga útgefna af bankanum og hins vegar skal fruminnherji tilkynna regluverði án tafar þegar víðskipti eru afstaðin.

Fruminnherji skal meta sjálfur hvort hann býr yfir innherjaupplýsingum og ef hann telur vafa leika á því skal hann leita til næsta yfirmanns eða regluvarðar ef yfirmaður er ekki til staðar. Ef fruminnherji metur það sem svo að hann búi ekki sjálfur yfir innherjaupplýsingum skal hann ráðfæra sig við regluvörð um fyrirhuguð víðskipti hans eða fjárhagslega tengdra aðila. Með þessu uppfyllir fruminnherji rannsóknarskyldu sína og fyrri hluta tilkynningarskyldu sinnar.

Regluvörður skal svara til um hvort hann telur að til staðar séu innherjaupplýsingar hjá bankanum og ráðleggja fruminnherja um fyrirhuguð víðskipti. Með því aðstoðar regluvörður fruminnherja við að uppfylla rannsóknarskyldu sína.

Berist regluverði beiðni fruminnherja eða fjárhagslega tengds aðila um víðskipti þegar minna en 4 vikur eru til áætlaðs uppgjors skal regluvörður mæla gegn víðskiptum.

Séu innherjaupplýsingar til staðar skal ráðlegging regluvarðar um fyrirhuguð víðskipti vera að mæla gegn því að fruminnherji eða aðilar honum fjárhagslega tengdir eigi víðskipti. Þá skal regluvörður benda fruminnherja á að ætli hann sér að eiga slík víðskipti engu að síður þá skuli hann tilkynna regluverði um þau og að regluverði sé skylt að tilkynna um slík víðskipti til Fjármálaeftirlitsins.

Rannsóknarskyldu skal sinnt þann dag sem víðskipti eru fyrirhuguð. Eigi víðskipti sér ekki stað þann dag skal innherji leita til regluvarðar á nýjan leik óski hann eftir að eiga víðskiptin síðar.

Fruminnherji skal geta sýnt fram á með skriflegum hætti að hann hafi sinnt rannsóknarskyldu sinni áður en hann átti víðskipti með fjármálagerning útgefanda.

Eftir að víðskipti hafa átt sér stað skal fruminnherji **tilkynna regluverði** án tafar að hann eða aðili fjárhagslega tengdur honum hafi átt víðskipti með fjármálagerninga bankans á því formi sem regluvörður gerir kröfu um hverju sinni. Með þessu uppfyllir fruminnherji síðari hluta tilkynningarskyldu sinnar. Í tilkynningunni skal regluvörður upplýstur um þau atriði sem nauðsynleg eru til að senda tilkynningu um víðskipti innherja og stjórnenda.

Komi fullnægjandi upplýsingar ekki fram í tilkynningu fruminnherja skal regluvörður tafarlaust krefjast þess að fruminnherji bæti úr vanköntum á tilkynningunni. Verði innherji ekki við úrbótakröfu regluvarðar innan þess dags sem hún er sett fram skal regluvörðu upplýsa Fjármálaeftirlitið um að borist hafi ófullnægjandi tilkynning með þeim upplýsingum sem liggja fyrir á þeim tíma.

Regluvörður skal tilkynna um viðskiptin samdægurs til Fjármálaeftirlitsins fyrir hönd bankans. Ef um viðskipti stjórnenda er að ræða skal regluvörður þegar í stað senda tilkynningu um viðskiptin til skipulegs verðbréfamarkaðar.

Þegar regluvörður sjálfur eða aðilar honum fjárhagslega tengdir hyggjast eiga viðskipti skal hann leita til bankastjóra til að sinna tilkynningar- og rannsóknarskyldu sinni. Í þeim tilvikum skal bankastjóri sjá um að senda tilkynningar og annað slíkt sem regluvörður hefði annars gert samkvæmt lögum og reglum.

Tímabundnum innherjum er óheimilt að eiga viðskipti með fjármálagerninga útgefna af bankanum þar til regluvörður hefur tilkynnt viðkomandi að hann teljist ekki lengur til innherja.

#### **11. TILKYNNING LANDSBANKANS UM VIÐSKIPTI INNHERJA**

Regluvörður skal samdægurs senda tilkynningu um viðskipti innherja og fjárhagslega tengdra aðila til Fjármálaeftirlitsins. Í tilkynningu til Fjármálaeftirlitsins um viðskipti innherja skulu eftirtalin atriði tilgreind:

- » Nafn bankans,
- » dagsetning tilkynningar,
- » nafn fruminnherja, eða fjárhagslega tengds aðila ef við á,
- » tengsl fruminnherja við bankann,
- » dagsetning viðskipta og hvenær dagsins þau fóru fram,
- » tegund fjármálagernings,
- » hvort um var að ræða kaup eða sölu,
- » nafnverð og gengi í viðskiptum,
- » nafnverð hlutar fruminnherja annars vegar og fjárhagslega tengdra aðila hins vegar eftir viðskipti
- » dagsetning lokauppgjörs viðskiptanna, ef við á og
- » frekari upplýsingar, ef við á.

Landsbankinn skal þegar í stað og á jafnræðisgrundvelli, birta almenningi á Evrópska efnahagssvæðinu upplýsingar um viðskipti stjórnenda bankans með hluti í bankanum, og aðra fjármálagerninga tengda þeim, enda nemi markaðsvirði viðskiptanna a.m.k. 500.000 kr. eða samanlögð eignabreyting viðkomandi stjórnanda á hlutum í bankanum á næstliðnum fjórum vikum nemi a.m.k. 1.000.000 kr. Samhliða opinberri birtingu skal bankinn senda upplýsingarnar til Fjármálaeftirlitsins.

Regluvörður hefur það hlutverk fyrir hönd bankans að taka saman og birta upplýsingar um viðskipti stjórnenda ásamt því að senda samhliða tilkynningu þess efnis til Fjármálaeftirlitsins.

#### **12. STAÐA OG HLUTVERK REGLUVARÐAR**

Bankaráð ber ábyrgð á eftirliti með því að reglum þessum sé fylgt. Regluvörður hefur eftirlit með reglum þessum og að eftirfylgni sé í samræmi við lög um verðbréfavíðskipti og reglur FME nr. 1050/2012 um meðferð innherjaupplýsinga og viðskipti innherja. Leiki grunur á að reglurnar hafi verið brotnar skal regluvörður þegar í stað tilkynna Fjármálaeftirlitinu um slíkar grunsemdir.

Regluvörður skal sjá um kynningu á þessum reglum meðal innherja og sjá til þess að reglurnar séu almennt á vitorði starfsmanna bankans og annarra sem reglurnar varða. Hann skal sjá til þess að reglur um meðferð innherjaupplýsinga séu jafnan aðgengilegar fyrir þá sem undir þær heyra. Regluvörður skal sérstaklega fræða fruminnherja um meðferð innherjaupplýsinga og viðskipti fruminnherja, annars vegar þegar viðkomandi aðilar



fara á lista yfir fruminnherja og síðan reglulega þar á eftir. Þá skal regluvörður meta hvaða starfsmenn, aðrir en fruminnherjar, skuli fá fræðslu um meðferð innherjaupplýsinga og viðskipti innherja m.t.t. meðferðar innherjaupplýsinga hjá bankanum a og hugsanlegrar stöðu þeirra síðar sem tímabundnir innherjar.

Að öðru leyti fer um starfsskyldur og réttindi regluvarðar samkvæmt starfslýsingu sem bankastjóri gefur út við skipan hans. Erindisbréfið er staðfest af bankaráði.

### 13. SAMSKIPTASKRÁ REGLUVARÐAR

Regluvörður skal halda sérstaka skrá yfir samskipti sín við innherja bankans sem fram fara á grundvelli reglnanna, svokallaða samskiptaskrá. Samskiptaskrá skal færð í tímaröð í bók með númeruðum blaðsíðum eða með skipulegum hætti á rafrænu formi ef unnt er að tryggja að breytingar verði ekki gerðar á skránni án ummerkja um breytingar og fyrri færslur.

Telji regluvörður tilefni til skal hann skrá í samskiptaskrá þegar mat hefur farið fram á tilteknum upplýsingum og slíkt mat hefur leitt til þess að ekki var talið að um innherjaupplýsingar væri að ræða. Skal regluvörður skrá ástæðu þess ef svo var ekki talið vera. Regluvörður skal þó alltaf skrá í samskiptaskrá ef hann telur að um innherjaupplýsingar sé að ræða en bankastjóri er ekki á sama máli, sem og ástæður þess.

Þegar tekin hefur verið ákvörðun um að fresta birtingu innherjaupplýsinga vegna lögmætra hagsmuna bankans, skal slíkt skráð í samskiptaskrá ásamt rökstuðningi fyrir frestuninni m.t.t. þeirra laga og reglna er gilda um frestun á birtingu innherjaupplýsinga.

Þá skal regluvörður halda skrá yfir samskipti sín við innherja sem fram fara á grundvelli reglnanna. Færslur vegna innherjavíðskipta, þegar innherji sinnir rannsóknarskyldu og fyrri hluta tilkynningarskyldu, þ.e. tilkynning um fyrirhuguð viðskipti, skulu hafa að geyma eftirfarandi upplýsingar:

- » Nafn innherja auk aðila sem tengist honum fjárhagslega ef við á.
- » Hvenær (dagsetning og tímasetning) innherji óskar eftir ráðleggingu regluvarðar vegna viðskipta með hluti í bankanum eða fjármálagerninga þeim tengdum.
- » Hvort regluvörður telji innherjaupplýsingar vera fyrir hendi og hvort ráðlegging regluvarðar hafi verið að mæla gegn því að aðili ætti viðskipti eða að hann gerði ekki athugasemdir við þau. Skrá skal nákvæma tímasetningu þegar regluvörður gaf ráðleggingar sínar.

### 14. ENDURSKOÐUN REGLNA OG VIÐURLÖG

Reglur þessar skulu endurskoðaðar er breytingar verða á lögum, reglugerðum eða öðrum stjórnvaldsfyrirmælum.

Regluverði ber að tilkynna Fjármálaeftirlitinu um hugsanleg brot gegn ákvæðum reglnanna, m.a. þegar:

- » Regluvörður metur það sem svo að um alvarlegt brot geti verið að ræða gegn lögum og reglum um opinbera birtingu innherjaupplýsinga.
- » Fruminnherji á viðskipti sem regluvörður hefur mælt gegn að hann ætti.

Brot gegn reglum þessum kunna að varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga um verðbréfavíðskipti og laga um fjármálafyrirtæki.

## **15. GILDISTAKA**

Reglur þessar gilda um fjármálagerninga útgefna af Landsbankanum. Gangi reglur Fjármálaeftirlitsins um meðferð innherjaupplýsinga og viðskipti innherja frá 14. nóvember 2012 lengra en reglur þessar þá skulu þær reglur gilda.